

Sp.

275. Tillaga til þingsályktunar

[114. mál]

um björgunar- og gæzluskip fyrir Breiðafjörð.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sigurður Ágústsson, Halldór E. Sigurðsson,
Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason, Pétur Pétursson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta undirbúa smíði björgunar- og gæzluskipa fyrir Breiðafjörð.

Greinargerð.

Síðan land byggðist, hefur útgerð verið mikil við Breiðafjörð og þá sérstaklega á norðanverðu Snæfellsnesi. Hin síðari ár hafa verstöðvar þar verið í örum vexti. Níu fiskvinnslustöðvar eru starfræktar á Hellissandi, Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi, og vélskipaútgerð hefur vaxið mjög mikið síðustu árin, enda margir góðir og stórir fiskibátar bætzt í fiskiskipaflotann. Nokkuð hefur áunnizt í hafnarbótum í Stykkishólmi, Grundarfirði og Ólafsvík síðasta áratuginn, þó að enn vanti mikið á, sérstaklega í Ólafsvík, að þeir mörgu fiskibátar, sem þar eru, hafi viðunandi afgreiðsluskilyrði. Í Rífi á Snæfellsnesi eru ein beztu skilyrði hér á landi til útgerðar. Vinna verður markvíst að því, að stórt átak verði framkvæmt þar í hafnarmálunum. Það mun sannast, að Rífhöfn hefur án efa skilyrði til að verða ein stærsta og ef til vill bezta fiskibátahöfn landsins.

Með vikkun landhelginnar 1952 í 4 sjómilur jukust verulega aflabrögð í verstöðvum við Breiðafjörð, og enn varð þess vart eftir 1. sept. 1958, er fiskveiðilög-sagan var ákveðin 12 sjómilur, að meira fiskmagn gekk á grunnmið og línu- og netaveiðar voru stundaðar á vetrarvertíðinni 1959 og á yfirstandandi vetrarvertíð með betri árangri en áður hefur þekkt í sögu fiskveiðanna við Breiðafjörð.

Skefjalaus ágangur togveiðiskipa, sérstaklega erlendra, á fiskimið Breiðfirðinga við Snæfellsnes hefur oft valdið sjómönnum frá verstöðvum við Breiðafjörð vandkvæðum og fjártjóni. Nýverið ollu brezkir togarar stórvægilegum skemmdum á þorskanetum þriggja fiskibáta frá Ólafsvík, og nam skaðinn mörg hundruð þúsundum króna. Þegar þetta er haft í huga, — hættan, sem vofir yfir sjómönnum okkar í samskiptum við hina erlendu veiðipjófa, og hin brýna þörf á aðstoð við hinn ört vaxandi fiskiskipaflota, — má öllum alþm. vera ljóst, að mikil þörf er á björgunar- og gæzluskipi fyrir Breiðfirðinga.

Íbúar Breiðafjarðarbyggða og Breiðfirðingar búsettir í Reykjavík hafa haft og hafa ríkan áhuga á þessu máli, og með rausnarlegri gjöf, sem þau hjónin Svanhildur Jóhannsdóttir og og Þorbjörn Jónsson í Reykjavík stofnuðu Björgunar-skútusjóð Breiðafjarðar með, var söfnunarstarfið hafið. Hafa þegar safnast 700—800 þús. kr. í þessu skyni, og söfnunin er í fullum gangi.

Íslendingar hafa hin síðari ár eignast mörg góð björgunar- og gæzluskip, m. a. með samstarfi fólks í hinum einstöku byggðum og ríkisvaldsins. Á Breiðafjarðar-svæðinu er brýnt verkefni óleyst í þessum eignum, og ber að vænta þess, að hæstv. Alþingi sýni málinu vinsemd og skilning.